

LÉTT BIFHJÓL

FLOKKUR 1

Helstu atriði varðandi notkun þeirra og öryggi



HVERNIG HJÓL ERU ÞETTA?



Þetta eru vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum sem ná ekki meiri hraða en 25 km/klst hvort sem þau eru raf- eða bensíndrífín. Þá er miðað við hámarkshraða sem framleiðandi bifhjólsins gefur upp. Þessi hjól geta verið margskonar en hér fyrir ofan má sjá nokkur dæmi um mögulegt útlit þeirra.

HVER ERU ALDURSTAKMÖRKIN? Ökumaður verður að vera orðinn 13 ára.

ÞARF EINHVER RÉTTINDI? Það er ekki gerð krafa um ökunám eða ökuréttindi.

HVAÐ MÁ FARA HRATT? Það á ekki að vera hægt að aka þeim hraðar en 25 km/klst og afl hjólsins má ekki vera yfir 4kW.

MÁ VERA MEÐ FARÞEGA? Nei - ekki nema ökumaður sé 20 ára eða eldri. Í þeim tilfellum er það aðeins heimilt ef framleiðandi staðfestir að hjólið sé gert fyrir farþega. Farþeginn verður þá að sitja fyrir aftan ökumanninn. Barn sjö ára eða yngra, sem er farþegi á bifhjóli, skal sitja í sérstöku sæti því ætluðu.

ÞARF AÐ VERA MEÐ HJÁLMI? Ökumönnum og farþegum, 15 ára og yngri, er skylt að vera með hjálm en rétt er að hvetja alla til notkunar á hjálmum.

HVAR MÁ AKA? Heimilt er að aka á gangstétt, hjólastíg eða gangstíg, svo framarlega sem það veldur ekki hættu eða óþægindum fyrir gangandi vegfarendur eða ef lagt hefur verið bann við því. Á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum. Ef hjólastígur er samhliða gangstétt eða gangstíg er skylt að aka hjólinu á hjólastígnum. Ef ökumaður hjólsins þverar akbraut skal hann ekki aka hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða.

ÞARF TRYGGINGAR? Það er engin váttryggingarskylda á þessum hjólum en eigendur eru hvattir til að leita ráða hjá tryggingarfélagum varðandi ábyrgðatryggingar.

MÁ AKA Á MILLI BÍLA? Léttum bifhjólum í flokki I má ekki aka samsíða öðru ökutæki þ.m.t. öðrum léttum bifhjólum.